

Erindisbréf Samgöngu- og innviðanefnd SSNV

1.gr.

Á 2. haustþingi SSNV þann 19. október 2018 var skipuð 7 manna samgöngu- og innviðanefnd og jafn margir til vara. Tilgangurinn með vinnu hópsins er að marka stefnu fyrir Norðurland vestra í samgöngumálum, gera grein fyrir helstu áætlunum og forgangsraða verkefnum. Áætlunin verður lögð fyrir ársþing 2019 til umræðu og samþykktar. Það er sýn stjórnar SSNV að samgönguáætlun landshlutans muni nýtast til þess að tryggja enn frekar að stjórnvöld ráðist í nauðsynlegar framkvæmdir í samgöngu- og fjarskiptamálum á Norðurlandi vestra, íbúum til hagsbóta. Stjórn SSNV skipar formann hópsins.

2.gr.

Hlutverk starfshópsins er:

- að vinna tillögu að samgönguáætlun fyrir Norðurland vestra til næstu 15 ára, frá 2018 til 2033. Tillagan skal ná yfir vegamál, hafnarmál, flugvelli, almenningsamgöngur, hitaveitur, raforkukerfi og fjarskiptamál í landshlutanum.
- að forgangsraða framkvæmdum á áætlunartímanum.
- að skila samgönguáætlun Norðurlands vestra í skýrsluformi til stjórnar SSNV fyrir ársþing í apríl 2019, kynna áætlunina á ársþinginu og leggja hana fram til umræðu og samþykktar á þinginu.

3.gr.

Verkefnið er áhersluverkefni Sóknaráætlunar Norðurlands vestra fyrir árið 2017. Í verkefnislýsingu segir:

Til að fá heildaryfirlit yfir stöðu mála í landshlutanum verða eftirtaldar upplýsingar teknar saman:

1. Vegakerfið – lengd vega – gerð yfirborðs – ástand vega – brýr - umferð – slysatíðni – lýsing - viðhald – (vetrar)þjónusta o.fl.
2. Reiðstígar – hjólaleiðir – áningarstaðir - merkingar
3. Hafnir – aðstaða - stærð – starfsemi o.fl.
4. Flugvellir – aðstaða – stærð – starfsemi (þyrlur)
5. Fjarskipti: Farsímakerfi – Tetrakerfi – Ljósleiðaravæðing
6. Almenningsamgöngur
7. Hitaveitur – Raforkukerfi

Þegar þessum upplýsingum hefur verið safnað saman þá er kominn upplýsingagrunnur fyrir sveitarstjórnarmenn á Norðurlandi vestra til að gera sameiginlega áætlun í þeim málaflokkum sem snúa að ríkinu. Þá verði hafist handa við forgangsröðun heimamanna og hún kynnt fyrir stjórnvöldum.



Þær upplýsingar sem nefndar eru í lýsingunni liggja fyrir í gagnagrunni sem verður aðgengilegur fyrir nefndarmenn.

4.gr.

Framkvæmdastjóri og starfsmenn SSNV vinna með hópnum eftir þörfum. Starfsmenn SSNV færa fundargerð í tölvu og undirbúa fundi í samráði við formann vinnuhópsins og aðstoða við upplýsingaöflun. Hópurinn getur kallað til sín gesti á fundi ef þurfa þykir. Hópurinn hefur ekki heimild til að stofna til fjárútláta vegna starfa sinna nema með sérstöku samþykki stjórnar SSNV.

5.gr.

Vinnuhópurinn fær greitt samkvæmt nefndataxta SSNV. Starfsmenn sveitarfélaga fá þó ekki sérstaklega greitt fyrir fundarsetu á vinnutíma. Hafa skal sem viðmið að hópurinn fundi allt að fjórum sinnum á starfstímanum. Heimilt er að halda fundi í rafrænum kerfum eða í síma. Af umhverfis- og kostnaðarsjónarmiðum eru nefndarmenn beðnir um að samnýta ferðir til funda eftir föngum.

Sauðárkróki 6. nóvember 2018